

## FUNDARSKÖP

### 43. landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hefur samþykkt að svofelld fundarsköp gildi, eftir því sem unnt er, á landsfundinum við afgreiðslu tillagna og ályktana:

1. Á landsfundinum starfa 8 málefnanefndir ásamt samræmingarnefnd.
2. Málefnanefndirnar fá til meðferðar drög að ályktunum og aðrar tillögur sem fundarmenn leggja fram á fundinum.
3. Fundir málefnanefndanna hefjast kl. 10:00, föstudaginn 16. mars, og skal þeim vera lokið eigi síðar en kl. 12:00, laugardaginn 17. mars.
4. Tillögur varðandi þá málaflokka sem málefnanefndirnar fjalla um skulu annað hvort:  
(A) bornar upp á fundi viðkomandi nefndar, eða  
(B) fengnar samræmingarnefnd skriflega (á skrifstofu hennar) og undirritaðar af 5 landsfundarfulltrúum hið fæsta á milli 08:45-11:00, föstudaginn 16. mars.
5. Drög að ályktunum landsfundar sem málefnanefndir hafa samþykkt verða afgreidd á almennum fundi landsfundarins.

Breytingartillögur við ályktanir málefnanefnda fundarins fást aðeins ræddar á almennum fundi landsfundar ef þær hafa áður verið bornar upp í viðkomandi málefnanefnd, þá ýmist skv. A-lið eða B-lið 4. gr., og fundarstjóra málefnanefndar sé tilkynnt áður en fundi málefnanefndar er slitið að ætlun sé að flytja þær á almennum fundi þrátt fyrir að þær hafi verið felldar í málefnanefnd. Þær þurfa síðan að vera fengnar samræmingarnefnd ásamt undirritun 35 landsfundarfulltrúa hið fæsta innan klukkustundar frá því fundi viðkomandi málefnanefndar var slitið eða fyrir kl. 10:00, laugardaginn 17. mars, fyrir þær nefndir sem ljúka störfum á föstudegi.

Þegar flutningsmaður tillögu, sem felld hefur verið í málefnanefnd, hefur tilkynnt fundarstjóra málefnanefndarinnar ætlun sína um að flytja hana á almennum fundi, færir fundarstjóri málefnanefndarinnar hana orðrétt til bókar. Hann afhendir þær svo starfsmönnum landsfundarins, eftir að fundi málefnanefndar hefur verið slitið ásamt upplýsingum um það hvenær fundinum var slitið.

Þá getur kjörinn formaður málefnanefndar ávallt flutt breytingartillögu á almennum fundi, um að texti ályktunar sé færður til upprunnalegs horfs (og þannig horfið frá breytingu sem samþykkt hefur verið í málefnanefnd). Jafnframt getur almennur fundur landsfundar tekið málamiðlunartillögur kjörinna formanna málefnanefnda til afgreiðslu með afbrigðum.

6. Á almennum fundi landsfundarins skulu engar takmarkanir vera á ræðutíma framsögumanna ályktana, þó þannig að þess sé gætt að dagskrá fundar fari ekki úr skorðum. Miðað skal við að aðrir ræðumenn tali ekki lengur en 2 mínútur. Þegar því tímamarki er náð er fundarstjóra heimilt að stöðva málflutning ræðumanna.

Með þessum fundarsköpum er ætlunin að gera störf landsfundarins markviss og beinskeytt og leitast við að tryggja að þeim tíma sem ætlaður er fyrir almennar umræður á fundinum verði fyrst og fremst varið til umræðna um meginatriði en ágreiningur um orðalag og minniháttar áhersluatriði sé afgreiddur í starfshópum fundarins.

## Pappírslaus fundur

Athygli er vakin á því að fundurinn verður pappírslaus. Fundargögn verða á hverjum tíma aðgengileg á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins, [www.xd.is](http://www.xd.is). Þá verður hægt, gegn 500 kr. gjaldi, að panta útprentuð fundargögn í anddyri Laugardalshallar.

## Um kosningar

### Kjör til stjórna málefnanefnda

Athygli landsfundarfulltrúa er sérstaklega vakin á 45. gr. skipulagsreglna flokksins en þar segir:

„Landsfundur kýs fimm í stjórn málefnanefnda. Sá sem flest atkvæði hlýtur er formaður nefndar. [...] Allir flokksmenn geta boðið sig fram til embætta í málefnanefndum.

Þingflokkur skipar þingmenn viðkomandi fastanefnda og sveitarstjórnaráð skipar einn fulltrúa úr sínum röðum í stjórn hverrar málefnanefndar.“

Í 8. gr. skipulagsreglna flokksins, tölulið 6, er tekið fram að kosningar skuli bundnar við skriflegar tillögur. „Kjósa skal minnst þrjá fulltrúa í hverja málefnanefnd og mest fimm til þess að kjörseðill teljist gildur.

Framkvæmd kosninganna annast þriggja manna kjörstjórn skipuð af miðstjórn eigi síðar en viku fyrir landsfund.“

### Kosningafyrirkomulag

- Málefnanefndir
  - Vegna hins mikla fjölda landsfundarfulltrúa og til að auðvelda framkvæmd fundarins og kosningar til stjórna málefnanefnda hefur miðstjórn flokksins ákveðið að kosning stjórnarmanna 8 málefnanefnda verði rafræn. Kosning til nefndanna fer fram í tölvum sem staðsettar verða á pallinum fyrir ofan anddyri Laugardagshallar. Landsfundarfulltrúar fá afhent dulkóðað númer á kjörstað sem opnar átta kjörseðla í einni af kosningatölvum fundarins. Kosningin fer fram frá kl. 12 föstudaginn 16. mars til kl. 11 sunnudaginn 18. mars.
- Kjör formanns, varaformanns og ritara
  - Landsfundur kýs formann, varaformann og ritara Sjálfstæðisflokksins. Um kosningar í embætti formanns, varaformanns og ritara gildir sú regla að hljóti enginn meira en helming gildra atkvæða skal á ný efnt til atkvæðagreiðslu milli þeirra tveggja, er flest atkvæði hlutu eða þeirra, sem efstir og jafnir urðu séu þeir tveir eða fleiri. Telst sá kjörinn, sem flest atkvæði hlýtur.
  - Kjörseðlar vegna kosningar formanns, varaformanns og ritara verða afhentir sunnudaginn 18. mars frá kl. 9:00 í afgreiðslu, sem staðsett er í anddyri. Áætlað er að kosningar í framangreind embætti fari fram sunnudaginn 18. mars kl. 13:55. Atkvæðaseðlum er safnað í sal.

## Kjörstjórn

Kjörstjórn landsfundar skipa Kristín Edwald formaður, Ingvi Hrafn Óskarsson og Elísabet Ólafsdóttir.